

HÚSÖNDIN

9.tbl. 4.árg.
9. mars 2021

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 10. - 16. MARS

- 11.3. Ragnar Davíð Baldvinsson, Arnheiður Rán Almarsdóttir
12.3. Gunnar Þór Brynjarsson
14.3. Ólafur Ragnarsson
15.3. Elvar Goði Yngvason



Ljósmyndasýning Marcin og aðalfundur

Aðalfundur Menningarfélagsins Gjallanda verður haldinn miðvikudaginn 17. mars í Skjólbrekku. kl.19:30



Við hefjum kvöldið á myndum Marcin Kozaczek sem hefur í fjölmörg ár myndað Mývatnssveit, dag og nótt, náttúru og mannlíf. Hann verður með sýningu bæði á prenti og tjaldi. Hvetjum sem flesta að mæta og sjá sveitina frá nýju sjónarhorni.


Venjubundin aðalfundarstörf fylgja svo í kjölfarið um 20:10.

Menningarfélagið Gjallandi leitar af áhugasömu fólki til setu í stjórn en tilgangur félagsins er að efla menningarstarfsemi í Mývatnssveit.

Stjórn Menningarfélagsins Gjallanda.

Forræktun mat- og kryddajurta

Á fjarnámskeiðinu er farið yfir sáningu og forræktun krydd- og matjurta. Upplýsingar um fjölda tegunda, sáningatíma og fjölgun með græðlingum. Greint er frá ræktunaraðferðum og áburðargjöf í forræktuninni. Námskeiðið prýðir fjöldi mynda og myndböndum úr ræktun leiðbeinandans. Nemendur á námskeiðinu fá aðgang að lokuðum hóp á Fésbók. Þar mun leiðbeinandi miðla upplýsingum og myndböndum og nemar fá tækifæri á að spyrja og spjalla.



Leiðbeinandi: Auður I Ottesen garðyrkjufraeðingur og ritstjóri Sumarhússins og garðsins.

VEFNÁMSKEIÐ 16. MARS
KL: 16:30-18:00
VERÐ: 12.900 KR*
SKRÁNING Á HAC.IS

Matjurtarækt - útirækt

Á námskeiðinu er fjallað um útiræktun krydds og grænmetis. Frá því að forræktaðar plöntur eru gróðursettar og sáð er beint út í beðin. Greint er frá hefðbundnum og óhefðbundnum ræktunaraðferðum og áburðargjöf. Farið er yfir sjúkdóma og skordýr sem hrjá matjurtirnar og fjallað um lífrænar varnir. Auk alls þessa eru kynntar fjöldi tegunda matjurta. Námskeiðið prýðir fjöldi mynda og myndbanda úr ræktun leiðbeinandans



Leiðbeinandi: Auður I Ottesen garðyrkjufraeðingur og ritstjóri Sumarhússins og garðsins.

VEFNÁMSKEIÐ 23. MARS
KL: 16:30-18:00
VERÐ: 12.900 KR*
SKRÁNING Á HAC.IS

*Ýmsir fræðslusjóðir greiða námskeiðsgjaldið að fullu fyrir sína félagsmenn. Athugið að námskeiðin eru öllum opin og minnum við fólk á að kanna rétt sinn hjá sínu stéttarfélagi.

Fótsnyrting

Erla fótaaðgerðafraeðingur kemur í sveitina 25 mars n.k. og vill Kvenfélag Mývatnssveitar bjóða eldri borgurum 67 ára og eldri í fótsnyrtingu hjá henni í Skjólbrekku.

Áhugasamir hafi samband við Erlu í síma 867-2252

Bestu kveðjur

Stjórn Kvenfélagsins

Í samræmi við reglur um úthlutun menningarstyrkja í Skútustaðahreppi auglýsir velferðar- og menningarmálanefnd eftir umsóknum tilmenningarstarfs í sveitarfélaginu en þetta er fyrri úthlutun ársins 2021.



Skútustaðahreppur veitir styrki til einstaklinga, hópa, félagssamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar menningarstarfsemi eða verkefni. Við mat á umsóknum skal menningarstefna Skútustaðahrepps höfð til hliðsjónar. Auk þess er horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið / starfsemin auðgar menningarlífið í Skútustaðahreppi og hvernig fjármunirnir nýtist í því samhengi.
- Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, laði að frekara fjármagn og aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd.
- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.

Sótt skal um verkefnastyrki á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Skútustaðahrepps (undir Stjórnsýsla > Skjöl og útgefið efni > Umsóknareyðublöð).

Umsóknir skal senda á netfangið

skutustadahreppur@skutustadahreppur.is. Umsóknarfrestur er til og með 28. mars 2021.

Kveðja frá velferðar- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps

Aðalfundur

Ágætu félagar, Aðalfundur Björgunarsveitarinnar Stefáns verður haldinn mánudaginn 22. mars n.k. kl. 20:00 í húsnæði sveitarinnar á Múlavegi 2, efri hæð. Sóttvarnarreglum verður fylgt.

Dagskrá fundarins er venjuleg aðalfundarstörf.

Félagar fjölmennum, ræðum og skipuleggjum næsta ár.

Nýir félagar velkomnir

Stjórnin



56. fundur sveitarstjórnar verður haldinn í Skjólbrekku,
10. mars 2021 og hefst kl. 09:15



Dagskrá:

1. 1905032 - Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga
2. 2102008 - Deiliskipulag Skjólbrekku
3. 2010027 - Atvinnu- og nýsköpunarstefna
4. 1611026 - Framkvæmdasjóður ferðamannastaða Umsókn um göngu- og hjólastíg umhverfis Mývatn
5. 2003023 - Aðgerðir sveitarstjórnar til viðspyrnu vegna Covid-19
6. 2103007 - Staða skólastjóra Reykjahlíðarskóla
7. 1706025 - ÁTVR: Áfengisverslun
8. 1611024 - Skýrsla sveitarstjóra
9. 1611006 - SSNE - Fundargerðir
10. 1611015 - Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerðir
11. 1611036 - Umhverfisnefnd Fundargerðir
12. 1809010 - Velferðar- og menningarmálanefnd: Fundargerðir
13. 1611022 - Skipulagsnefnd: Fundargerðir

AÐ VETRI SKAL AÐ SUMRI HUGA!

Benedikt Björnsson, skruðgarðyrkjumeistari fjallar um hvernig auka megi hagræðingu sumarvinnu í heimilisgarðinum að vetri til.

**FYRIRLESTURINN VERÐUR HALDINN
Í SKJÓLBREKKU ÞRÍÐJUDAGINN
23. MARS 2021 KL. 20:00**

Á fyrirlestrinum munu þátttakendur fá upplýsingar um:

- Skipulag og framkvæmdir
- Skjól og snjósöfnun
- Áburður og næring
- Skemmdir og skaði á trjágróðri
- Val á trjágróðri og trjáklippingar
- Sjálfbærni



Markmið fyrirlestursins er að skapa virkar umræður og því verða þátttakendur hvattir til að koma með spurningar um þau verkefni sem fyrir liggja í þeirra eigin görðum eða almennar vangaveltur. Tilvalið tækifæri til að fá ráðleggingar og hugmyndir frá þaulvönum fagmanni.

**ADGANGUR ER ÓKEYPIS EN NAUDSYNLEGT
AÐ SKRÁ SIG, ANNAD HVORT Á
WWW.HAC.IS, HAC@HAC.IS EÐA Í SÍMA
464-5100.**





Jónas Pétur hlaut titilinn „Snagi mánaðarins” fyrir febrúar. Samkeppnin var gríðarleg en einungis munaði einu skipti á Jónasi Pétri og næsta á eftir.

Keppnin fer vel af stað núna í mars og við hlökkum mikið til að sjá hvort Jónas ver titilinn. Það væri nú flott í Mottumars, enda fáir sem skarta eins flottri mottu og Jónas!

Snagakveðjur úr Jarðböðunum



Lokað verður í Jarðböðunum þriðjudaginn 9. mars vegna viðhalds.
Opnum aftur á venjulegum tíma miðvikudaginn 10. mars.

Kærar kveðjur úr Jarðböðunum





ALÞJÓÐLEGUR BARÁTTUDAGUR KVENNA 8. MARS 2021

#ChooseToChallenge
#VeljumAdVaxa

Í dag, 8. mars 2021, er alþjóðlegur baráttudagur kvenna fyrir friði og jafnrétti. Þessi sérstaki dagur var fyrst haldinn hátíðlegur meðal sósíalískra kvenna í Danmörku, Þýskalandi, Austurríki og Sviss þann 19. mars árið 1911. Samkvæmt upplýsingum á vef Kvennasögusafns Íslands er talið að sennilega hafi þessa dags verið fyrst minnst á Íslandi árið 1932. Á vefsíðu Kvennasögusafnsins má lesa að frá árinu 1984 hafi félagið MFÍK (Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna) staðið fyrir almennum fundi 8. mars, ásamt fjölda annarra samtaka og stéttarféлага. Fleiri samtök á Íslandi hófu að minnast 8. mars á 10. áratugnum með sérstökum hætti. Samtökin Stígámót voru stofnuð 8. mars 1990. Unifem á Íslandi hefur verið með fundi og á Akureyri hafa samtök minnst dagsins frá árinu 1992.

Nánar má lesa um tilurð og þróun þessa alþjóðadags á vefslóðinni: [8. mars - Alþjóðlegur baráttudagur kvenna - Kvennasögusafn \(kvennasogusafn.is\)](https://www.kvennasogusafn.is/8-mars-alþjóðlegur-baráttudagur-kvenna).

Soroptimistar eru alþjóðleg samtök kvenna sem láta sig málefni kvenna og stúlkna varða og vilja stuðla að jafnrétti og friði öllum til handa.

Soroptimistar um allan heim vekja nú sérstaka athygli á 8. mars 2021, alþjóðlegum baráttudegi kvenna, og kjósa að vinna samkvæmt kjörorðinu „Veljum að vaxa“, einnig undir myllumerkjnum: #VeljumAdVaxa, #Choose to Challenge.

Við systur í Soroptimistaklúbbi Húsavíkur og nágrennis teljum að markmið soroptimista um allan heim séu mjög í anda allra þeirra sem vilja halda þessum alþjóðlega baráttudegi á lofti. „Veljum að vaxa“ í baráttu fyrir betra lífi, konum og stúlkum til handa, sem og öðrum jarðarbúum. Það getum við m. a. gert með því að sýna í verki og hafa í heiðri eftirfarandi markmið soroptimista:

Að vinna að bættri stöðu kvenna.

Að gera háar kröfur til siðgæðis.

Að vinna að mannréttindum öllum til handa.

Að vinna að jafnrétti, framförum og friði, með alþjóðlegri vináttu og skilningi.

Með baráttukveðju frá systurum í Soroptimistaklúbbi Húsavíkur og nágrennis



ALÞJÓÐLEGUR BARÁTTUDAGUR KVENNA

#ChooseToChallenge

#VeljumAdVaxa





Ert þú að leita að sumarstarfi?

Jarðböðin við Mývatn óska eftir að ráða sumarstarfsfólk í afgreiðslu og í Kaffi Kviku.

Störfin fela í sér afgreiðslustörf, kaffihúsastörf, þrif, símsvörun og annað sem til fellur. Færni í mannlegum samskiptum og lipurð í starfi er nauðsyn og þá verður viðkomandi að hafa gott vald á ensku. Reynsla af afgreiðslustörfum og þrifum er mikill kostur.

**Fyrirspurnir og umsóknir skal senda til
mannauðs- og markaðsstjóra Jarðbaðanna
á netfangið ragnhildur@jarbodin.is**

